

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 360/1997.

Ágústa Sigurðardóttir

Hildur Æsa Oddsdóttir og

Edda Sigurrós Oddsdóttir

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Hag ehf.

(Hákon Árnason hrl.) og

Steingrími Bergssyni

(Ólafur Axelsson hrl.)

og til réttargæslu

Vátryggingafélagi Íslands hf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Vinnuslys. Skaðabætur. Bætur vegna missis framfaranda. Sakarskipting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1997. Þær krefjast skaðabóta úr hendi beggja stefndu in solidum, að fjárhæð 6.385.475 krónur, með 2% ársvöxtum frá 27. júlí 1994 til 17. október 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af höfuðstól ásamt áföllnum vöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þær málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hagur ehf. krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að sök verði skipt, kröfur áfrýjenda lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður felldur niður.

Stefndi Steingrímur Bergsson krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist verulegrar lækkunar bótakrafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu, og þeir gera engar kröfur.

I.

Atvikum málsins og tildrögum slyssins við Skálm á Mýrdalssandi 27. júlí 1994 er lýst í héraðsdómi, en þar létu lífið þeir Oddur Eggertsson og Sæmundur Björnsson. Á það verður fallist með dóminum, að Andrés Bergsson kranastjóri hafi umrætt sinn verið starfsmaður stefnda Hags ehf., en hann hafði þennan dag hlaupið í skarðið fyrir starfsmann félagsins og laut í einu og öllu verkstjórn framkvæmdastjóra þess, Odds Eggertssonar. Þá verður ekki talið, að stefndi Steingrímur Bergsson, eigandi kranans, hafi verið sjálfstæður verktaki við brúarframkvæmdirnar, en hann hafði lánað eða leigt hinu meðstefnda félagi kranann nokkru áður, og er ósannað, að hann hafi nokkur afskipti haft af notkun hans eða verkinu sjálfu.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, hvernig stefndi Steingrímur Bergsson lét undir höfuð leggjast að fara að kröfum Vinnueftirlits ríkisins og Iðntæknistofnunar Íslands, sem fram voru settar árið 1991 og lutu meðal annars að endurnýjun á öllum bómuhluta tvö. Vinnueftirlitið ítrekaði kröfurnar 1992 og 1993, en fylgdi þeim ekki eftir með aðgerðum. Af skýrslu þess 28. ágúst 1994 og skýrslu Péturs Sigurðssonar verkfræðings 22. sama mánaðar er ótvírætt, að einmitt þessi bómuhluti, sem var verulega tærður, lét undan álagi. Verður að virða stefnda Steingrími það til sakar að hafa látið kranann vera í notkun við verklegar framkvæmdir í slíku ástandi, og er það á áhættu hans, ef slysið verður rakið til þess. Þá ræður ekki úrslitum, þótt kraninn hafi verið hafður til einhverra annarra nota í umráðum lántaka en stefndi gerði ráð fyrir í upphafi, en af hans hálfu hefur ekki verið sýnt fram á, að þau hafi átt að vera takmörkuð við sérstök og tiltekin verk. Þá er og fram komið, að honum var kunnugt um notkun kranans á slysgæði.

Fram kemur í áðurnefndum skýrslum, að álag á kranann, þegar slysið varð, var um það bil helmingi meira en leyfilegt var samkvæmt þeim tölum og mælingum um burðargetu hans, sem fyrir liggja. Bitinn, sem lyfta átti, var um 6450 kg að þyngd, en burðargeta nýrrar bómu við sömu aðstæður og þarna var um að ræða, var um 3100 til 3600 kg. Héraðsdómur kemst að þeirri niðurstöðu, að orsök slyssins verði ekki rakin til bilunar eða galla kranans, „enda

undir hælinn lagt, hvaða hluti hennar gæfi sig fyrst við svo mikið álag“. Þessi ályktun héraðsdóms, sem skipaður var einum sérfróðum meðdómanda auk tveggja embættisdómara, fær ekki skýra stoð í þeim sérfræðilegu gögnum, sem fyrir liggja. Þannig segir í niðurstöðu Péturs Sigurðssonar: „Álag á bómuna var u. þ. b. tvöfalt meira en leyfilegt er fyrir nýja bómu, og síðan er veruleg málmtæring, sem rýrir burðargetuna allmikið frá lyftigetu nýrrar bómu. Orsök kirknunarinnar, brotsins, er ofálag á bómuna.“ Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir meðal annars: „Vinnueftirlitið telur, að orsök slyssins sé sú, að álag á bómuna var u. þ. b. tvöfalt meira en leyfilegt er og veruleg málmtæring hafi rýrt burðargetu bómunnar. . .“

Þegar virt eru þau gögn, sem fram eru komin, þykir sýnt, að ástand kranabómunnar hafi verið samverkandi orsök slyssins. Stefndi Steingrímur verður að bera halla af þeirri óvissu, sem hér kann að vera um að ræða, enda mátti hann ekki ljá kranann til brúarframkvæmda í því ástandi, sem hann var. Hann verður því fyrir sitt leyti að bera fábótaábyrgð á slysinu.

III.

Eins og fram er komið, var Oddur heitinn Eggertsson verkstjóri við framkvæmdirnar á Mýrdalssandi, þegar slysið varð, en hann var að auki framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og einn eigenda stefnda Hags ehf. Leggja verður til grundvallar dómi, að hann hafi sjálfur ákveðið tilhögun verksins. Vinnueftirlit ríkisins taldi í skýrslu sinni 28. ágúst 1994, að sú vinnuaðferð, sem notuð var, hafi í eðli sínu verið hættuleg og unnt hefði verið að draga bitana í bráðabirgðabrúna burtu á sama veg og þeir voru dregnir yfir ána, þegar brúnni var slegið upp. Á það verður að fallast með héraðsdómi, að ekki hafi átt að leynast Oddi, sem var þaulvanur verkstjórnandi, að kranabóman var undir hættulegu álagi, þegar hann ákvað að losa bitann með félaga sínum og fara undir bómuna, en þetta verklag hafi verið með öllu ónauðsynlegt og varhugavert. Slysið verður því einnig rakið til eigin sakar Odds Eggertssonar.

Andrés Bergsson stjórnaði krananum umrætt sinn, en hann var þá starfsmaður stefnda Hags ehf., eins og fram er komið, og laut verkstjórn Odds. Hann hafði ekki áskilin réttindi til að stjórna krananum, en samkvæmt gögnum málsins hafði hann lokið tilskildu

námskeiði, en ekki tekið verklegt próf. Þetta firrir Andrés þó ekki ábyrgð, og verður að telja, að honum hafi ekki fremur en Oddi mátt dyljast, að álagið á bómuna yrði of mikið og hætta kynni að stafa af. Við þær aðstæður, sem hér voru um verkstjórn og framkvæmd verksins, verður fébótaábyrgð þó ekki lögð á húsbónda hans, stefnda Hag ehf., enda hefði Oddur sjálfur ekki getað sótt félagið til ábyrgðar, hefði hann lifað slysið af. Verður ekki talið, að 2. mgr., sbr. 1. mgr., 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 geti átt hér við, en áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á það í málinu, að aðstæður þeirra vegna fráfalls Odds séu svo sérstakar og óvenjulegar, að rétt sé að beita því undantekningarákvæði frá almennum bótareglum, sem hér um ræðir. Verður stefndi Hagur ehf. því sýknaður af kröfum þeirra.

IV.

Fébótakrafa áfrýjanda Ágústu Sigurðardóttur, eftirlifandi eigin konu Odds Eggertssonar, er reist á 12. og 13. gr. skaðabótalaga. Krafan hefur verið lækkuð hér fyrir dómi til samræmis við dóma Hæstaréttar 22. maí 1998 í málum nr. 311 og 312/1997, og er nú reiknað með margföldunarstuðlinum 7,5 í stað 10, sbr. 6. gr. skaðabótalaga. Miðað er við launatekjur Odds síðustu tólf mánuði fyrir slysið að viðbættu lífeyrisframlagi vinnuveitanda, samtals 1.758.196 krónur. Þessar fjárhæðir hafa ekki sætt andmælum. Þá er að auki gerð krafa um bætur vegna verðmætis launa við heimilisstörf og aðdrátta Odds til heimilis, um 20% af framangreindri fjárhæð eða 351.639 krónur. Þessi krafa er rökstudd með því, að Oddur heitinn hafi verið trésmiður og sinnt viðhaldi og endurbótum á húsnæði fjölskyldunnar. Þá hafi hann stundað stangaveiði og skotveiði og aflað þannig í töluverðum mæli til heimilisins. Þessum kröfulið hefur verið mótmælt. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hann eigi við sérstök rök að styðjast umfram það, sem venjulegt er um þá, sem vinna fulla vinnu utan heimilis og hafa tekjur í samræmi við það. Á þessa kröfu verður því ekki fallist. Loks krefst áfrýjandinn Ágústa 250.000 króna vegna útfararkostnaðar, og þykir sú krafa réttmæt.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skaðabótalaga skulu bætur fyrir missi framfæranda til maka vera 30% af bótum, sem hinn látni hefði átt rétt á fyrir 100% örorku, sbr. 5. – 8. gr. laganna. Frá bótunum eru dregin 19% samkvæmt 1. mgr. 9. gr., en Oddur Eggertsson varð 44

ára gamall. Bótakrafa áfrýjandans Ágústu telst því að viðbættum útfararkostnaði samkvæmt 12. gr. réttilega reiknuð 3.454.312 krónur ($1.758.196 \times 7,5 = 13.186.470 \times 30\% = 3.955.941 - 751.629 + 250.000 = 3.454.312$).

Dómkrafa áfrýjanda Hildar Æsu Oddsdóttur er að hluta byggð á 14. gr. skaðabótalaga, þar sem bætur fyrir missi framfæranda til eftirlifandi barns, sem hinum látna var lögskylt að framfæra, eru sagðar eiga að vera jafnháar heildarfjárhæð þeirra barnalífeyrisgreiðslna, sem barnið á rétt á eftir lögum um almannatryggingar frá tjónsdegi til 18 ára aldurs. Þessi hluti kröfunnar nemur 1.040.300 krónum, en Hildur Æsa var níu ára á slysdegi. Honum hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann lagður til grundvallar. Þá er að auki krafist 750.000 króna með vísun til 12. gr. skaðabótalaga, þar sem ætla megja, að Hildur Æsa hefði notið fjárhagslegrar aðstoðar föður síns vegna náms eftir 18 ára aldur og væntanlegrar stofnunar heimilis síðar. Þessi krafa þykir ekki eiga við næg rök að styðjast.

Áfrýjandi Edda Sigurrós Oddsdóttir krefst bóta að fjárhæð 500.000 krónur. Krafan er rökstudd þannig, að hún hafi mátt vænta fjárhagslegrar aðstoðar föður síns í framtíðinni, til dæmis vegna öflunar húsnæðis. Áfrýjandi var 22 ára við fráfall hans, og var hann ekki á þessum tíma framfærsluskyldur við hana að lögum. Skortir einnig á, að þessi krafa sé nægum rökum studd.

V.

Eins og að framan greinir, verða stefndi Steingrímur Bergsson og Oddur Eggertsson sjálfur taldir eiga sök á slysinu. Þykir gáleysi Odds hafa verið svo verulegt, að fébótaábyrgð stefnda Steingríms takmarkist við $\frac{2}{3}$ hluta tjónsins. Verður hann þannig dæmdur til að greiða áfrýjanda Ágústu 1.381.725 krónur og áfrýjanda Hildi Æsu 416.120 krónur með þeim vöxtum, sem krafist er.

Rétt þykir, að stefndi Steingrímur Bergsson greiði áfrýjendum Ágústu Sigurðardóttur og Hildi Æsu Oddsdóttur hluta málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi Hagur ehf. er sýkn af kröfum áfrýjenda, Ágústu Sigurðardóttur, Hildar Æsu Oddsdóttur og Eddu Sigurrósar Oddsdóttur.

Stefndi Steingrímur Bergsson er sýkn af kröfum áfrýjanda Eddu Sigurrósar.

Stefndi Steingrímur greiði áfrýjanda Ágústu 1.381.725 krónur með 2% ársvöxtum frá 27. júlí 1994 til 17. október 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af höfuðstól ásamt áföllnum vöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Steingrímur greiði áfrýjanda Hildi Æsu 416.120 krónur með sömu vöxtum og að framan greinir.

Stefndi Steingrímur greiði áfrýjendum Ágústu og Hildi Æsu sameiginlega 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Hjartar Torfasonar

Ég er samþykkur atkvæði annarra dómenda að öllu leyti um annað en þá niðurstöðu III. kafla, að stefndi Hagur ehf. eigi að vera sýkn af kröfum áfrýjenda.

Ábyrgð á kranaslysinu af hálfu Odds heitins Eggertssonar ber ekki aðeins að meta á mælikvarða verksins, sem hann var að sinna og stjórna, heldur verður einnig að horfa til þess, hvers konar fyrirtæki það var, sem hann veitti forstöðu. Gögn málsins bera ekki með sér, að leigan eða lánið á þessum krana til brúarvinnunnar hafi farið í bága við skyldur Odds gagnvart félaginu, heldur virðist sú ráðstöfun hafa samrýmt hagsmunum þess og aðstöðu fremur en hitt. Þá ákvörðun að nota kranann til að lyfta burðarbitum bráðabirgða-brúarinnar tók Oddur jafnframt ekki óstuddur, heldur virðist hinn margreyndi kranastjóri, Andrés Einarsson, hafa talið hana forsvaranlega og verið reiðubúinn til að vinna verkið, hefði hann verið viðlátinn þennan dag. Samkvæmt fram komnum upplýsingum verður við

það að miða, að nokkuð hafi skort á fyllstu aðgæslu í fyrirsögn Odds um framkvæmd verksins, og honum virðast hafa orðið á mistök, er hann hljóp undir kranabómuna til aðstoðar við félagan sinn, sem þá var að losa um bitann. Þetta tvennt getur þó ekki leitt til þess, að hann verði talinn án alls bótaréttar gagnvart félaginu, og ekki verður á það fallist, að hann hafi einn átt að bera áhættuna af því, að kraninn var notaður til verksins.

Um þennan þátt málsins er það því niðurstaða mín, að stefndi Hagur ehf. eigi að bera ábyrgð á missi áfrýjenda við fráfali Odds í sama hlutfalli og stefndi Steingrímur Bergsson að óskiptu með honum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1997.

Ár 1997, þriðjudag 10. júní, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr. E-5052/1996: Ágústa Sigurðardóttir persónulega og fyrir hönd ófjárráða dætra sinna, Hildar Æsu og Eddu Sigurrósar Oddsdætra, gegn Hag ehf., Steingrími Bergssyni og Vátryggingafélagi Íslands hf. til réttargæslu, uppkveðinn eftirfarandi dómur.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 17. október 1996. Málinu var útlutað dómara 1. mars sl. og tekið fyrir 20. s. m. Því var frestað til aðalmeðferðar 13. maí, og fór hún þá fram og málið dómtekið.

Stefnandi málsins er Ágústa Sigurðardóttir, kt. 020544-7599, persónulega og fyrir hönd ófjárráða dætra sinna, Hildar Æsu Oddsdóttur, kt. 131284-2259, Háaleitisbraut 113, Reykjavík, og Eddu Sigurrósar Oddsdóttur, kt. 130971-5719, Drápuhlíð 15, Reykjavík.

Stefndu eru Hagur ehf., kt. 660176-0209, Kirkjubæjarklaustri, og Steingrímur Bergsson, kt. 160349-2989, Hamrafossi í Skaftárhreppi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 7.667.200 kr., með 2% ársvöxtum frá 27. júlí 1994 til stefnubirtingardags 17. október 1996, en dráttarvöxtum á höfuðstól ásamt áföllnum þeim vöxtum frá þ. d. til greiðsludags, – enn fremur til greiðslu málskostnaðar ásamt 24,5% virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Til réttargæslu er stefnt Vátryggingafélagi Íslands hf., en engar kröfur gerðar á hendur félaginu.

Af hálfu stefnda Hags ehf. er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til

vara er þess krafist, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu stefnda Steingríms Bergssonar eru aðallega gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu in solidum að viðbættum virðisaukaskatti, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar.

II.

Málavextir.

Miðvikudaginn 27. júlí 1994 um kl. 23.00 varð dauðaslys við ána Skálm á Mýrdalssandi, þegar kranabóma féll á tvo menn, sem þar voru að vinna, þá Odd Eggertsson og Sæmund Björnsson. Tildrög slyssins voru þau, að af hálfu Byggingarfélagsins Klakks hf. og Hags ehf. var unnið við smíði nýrrar brúar yfir Skálm, og var verkinu lokið. Meðan á verkinu stóð, var notuð bráðabirgðabrá, sem verið var að fjarlægja. Til að hífa brott burðarbita brúarinnar var notaður bílkrani í eigu meðstefnda, Steingríms Bergssonar, en bróðir hans, Andrés Bergsson, stjórnaði krananum.

Framkvæmdastjóri Hags ehf., sem einnig var einn af aðaleigendum og stjórnarmaður í félaginu, Oddur Eggertsson, stjórnaði verkframkvæmdum. Þannig var staðið að verkinu, að brúargólfið var fjarlægt ásamt tengingum milli burðarbitanna fyrir utan eitt vinkiljárn milli bitanna þeim megin ár, sem kraninn stóð. Vinkiljárn þetta var með ásoðnu steypustyrktarjárn, sem steipt var niður í þverbitana, er burðarbitarnir hvíldu á, og enn fremur styrkt með öðru vinkiljárn, sem var rafsoðið við burðarbitana. Til að unnt væri að lyfta fyrri burðarbitanum, hafði vinkiljárníð verið brennt í sundur rétt við burðarbitann og kranavírnum síðan slegið á bitann um miðju með þar til gerðum klemmum. Á meðan hvíldi burðarbitinn á stétt, sem hafði verið rafsoðin við bitann. Þegar híft var í, rakst burðarbitinn í vinkiljárníð, og sat endi bitans fastur þeim megin eða við kranann, en endinn hinum megin lyftist upp. Fór Oddur Eggertsson ásamt Sæmundi Björnssyni með járnkarl til að losa burðarbitann. Stóðu þeir í malarfláa rétt ofan við ár-bakkann undir bómu kranans. Þegar bitinn losnaði, kom slinkur á kranabómuna, sem brast og féll niður á mennina með þeim afleiðingum, að þeir létust samstundis.

Lögreglan í Vík í Mýrdal var þegar kvödd á vettvang auk Vinnueftirlits ríkisins, sem vann vettvangsrannsókn. Skýrslur þessara aðila liggja fyrir í málinu.

Bílkraninn var af gerðinni Michigan, árgerð 1959, með grindarbómu.

Hann bar skráningarnúmerið BG 0055. Kraninn var skoðaður af Vinnueftirliti ríkisins 23. október 1991, og var þá meðal annars gerð sú krafa, að bóman yrði skoðuð af viðurkenndum aðila, til dæmis Iðntæknistofnun. Sú stofnun skoðaði krana bómunnar 21. nóvember 1991, og voru þá gerðar kröfur um endurnýjun á að minnsta kosti sex skástífum í bómuhluta 1, endurnýjun á öllum bómuhluta 2 og endurnýjun á einni skástífu í bómuhluta 6. Þar sem öll bóman var farin að tærast, var gerð krafa um, að öll bóman yrði sandblásin, yfirfarin að því loknu með tilliti til þarfar á frekari viðgerð og síðan máluð.

8. september 1992 var kraninn skoðaður af Vinnueftirliti ríkisins og meðal annars gerð krafa um, að bóman yrði sandblásin og máluð. Hinn 22. október 1993 var kraninn aftur skoðaður af Vinnueftirliti ríkisins og þá gerð sama krafa.

Vinnueftirlit ríkisins fékk óháðan aðila, Verkfræðipjónustu Péturs Sigurðssonar, til að gefa umsögn um ástand bómunnar og orsök þess, að hún kiknaði. Í skýrslu þess aðila, dags. 22. ágúst 1994, kemur fram eftirfarandi: „Bóman er samsett úr sex hlutum mislöngum, en heildarlengd bómunnar er um 60 fet. Lengd I-bitans, sem verið var að hífa, er um 20,4 metrar, og hann vegur 6.450 kg samkvæmt mælingum Vinnueftirlitsins. Brotið eða kiknunin í bómunni varð á hluta nr. tvö, sjá ljósmyndir 1 og 2, sem átti að hafa verið skipt um í desember 1991, samanber skýrslu Iðntæknistofnunar frá 20. 12. 1991. Geysimikil tæring og tæringargöt í gegnum skástífur á tveimur stöðum í bómuhluta 2, sjá ljósmyndir 3 og 4, ásamt því, að málun á boltum er heil (boltar hafa ekki verið slegnir út), sjá ljósmynd 6, bendir eindregið til, að engin bómuhlutaskipti hafi orðið, þegar þess var krafist í skýrslu ITÍ frá desember 1991. Þetta mikil tæring verður ekki á nýju eða nýlegu efni á tveimur og hálfu ári. Að mati undirritaðs er höfuðorsök slyssins ofálag á bómuna, sem leiðir til slits á skástífum og kiknunar í langböndum. Laus skástífa nálægt kiknun sýnir einkenni togbrots, sjá ljósmynd 5, og getur verið sá hvellur, sem kranastjóri telur sig hafa heyrt, um leið og bóman kiknaði.

Samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlitsins er I-bitinn, sem verið var að lyfta, um 6,45 tonn og fastur í annan endann, þar sem hinir látnu menn voru að reyna að losa hann.

Burðargeta nýrrar bómu, sem er við sömu aðstæður, þ. e. a. s. radíus bómunnar er á bilinu 45–50 fet, er á bilinu 6.800 lbs. til 7.800 lbs., sem samsvavar um 3.100 kg til 3.600 kg, sjá meðfylgjandi afrit Vinnueftirlits ríkisins. Við útlitsskoðun á bómunni sást, að hún er mikið tærð og komin göt gegnum sumar skástífurnar. Öll þessi tæring rýrir mjög burðargetu bómunnar og styður mjög eindregið ályktunina um ofálag.

Niðurstaða. Álag á bómuna var u. þ. b. tvöfalt meira en leyfilegt er fyrir nýja bómu, og síðan er veruleg málmþæring, sem rýrir burðargetuna allmiklið frá lyftigetunýrrar bómu. Orsök kikkunarinnar, brotsins, er ofálag á bómuna.“

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eigandi kranans hafi ekki farið eftir fyrirmælum Iðntæknistofnunar um að endurnýja bómuhluta 2 og eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins hafi ekki fylgt þeirri kröfu eftir. Í skýrslu Péturs Sigurðssonar kom fram, að mjög mikil þæring hefði verið í bómuhluta 2, sem kikknaði, og hann hafi ekki verið endurnýjaður í samræmi við kröfu Iðntæknistofnunar. Vinnueftirlit ríkisins telji augljóst, að u. þ. b. tvöfalt leyfilegt hámarksálag hafi verið á bómunni, þegar hún kikknaði. Stjórnandi kranans, Andrés Bergsson, hafi ekki haft réttindi til þess að stjórna honum. Hann hafi verið búinn að fara á krananámskeið, en átt eftir að taka verklegt próf. Forsvarsmenn Hags ehf. hafi hins vegar ekki vitað betur en Andrés hefði fullgild réttindi til að stjórna krananum.

Vinnueftirlit ríkisins bendir á, að hefði vinkiljárníð verið skorið sundur aðeins fjær burðarbitanum, hefði endi burðarbitans að öllum líkindum ekki setið fastur og fyrrgreind losunarvinna því ekki komið til. Sá aðili bendir einnig á, að sú vinnuaðferð, sem beitt var, sé í eðli sínu hættuleg. Hægt hefði verið að draga bitana burtu, en þeir hafi að sögn verið dregnir yfir ána, þegar þeir voru settir á þennan stað.

Stefnendur telja ósennilegt, að hinir látnu hafi verið þess vitandi, að kranabóman væri undir nokkru álagi eða hættulegu álagi, meðan þeir unnu að því að losa burðarbitann, enda hafi það ekki verið nauðsynlegt. Hinir látnu verði því ekki sakaðir um ábyrgð á slysinu, heldur verði ábyrgðin rakin til ástands kranabómunnar og stjórnunar á krananum.

Stefnendur telja stefnda Hag ehf. bera bótaábyrgð á slysinu á grundvelli húsbóndaábyrgðar vegna kranastjórans. Ljóst sé, að slysið verði rakið annars vegar til handvammur og mistaka stjórnanda kranans, sem hafi beitt honum fyrir tvöfalt meiri þunga en bóman var gerð fyrir. Einnig hafi við rannsókn Iðntæknistofnunar, Vinnueftirlits ríkisins og Péturs Sigurðssonar verkfræðings komið fram, að kranabóman hafi verið illa farin af þæringu og óforsvaranlegt að nota kranann. Stefndi Steingrímur beri sem eigandi hans ábyrgð á ástandi hans og göllum, sem leitt hafi til hins hörmulega slyss. Af þessum ástæðum hafi slysið orðið, og á því beri báðir stefndu solidariska ábyrgð gagnvart stefnendum. Vátryggingafélagi Íslands hf. sé stefnt til réttargæslu, þar sem Hagur ehf. hafði keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu.

Dómkrafa stefnenda er reist á 13. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og liggja til grundvallar henni verðmæti allra starfa hins látna. Launatekjur Odds Eggertssonar síðustu tólf mánuði fyrir slys hafi numið 1.658.675 kr., sem beri að hækka um 6% vegna lífeyrisframlags vinnuveitanda, þ. e. 1.758.675 kr. Þar að auki sé gerð krafa um bætur vegna verðmætis launa við heimilisstörf og aðdrætti til heimilis, um 20%, þ. e. 351.639 kr., samtals 2.109.835 kr. Margfaldað með 10, samanber núgildandi skaðabótalög, gera 21.098.350 kr. og 30% af þeirri tölu 6.329.506 kr., sem lækka um 19% vegna aldurs framfaranda, sbr. 9. gr. laganna, og bótakrafa Ágústu samkvæmt 13. gr. skaðabótalaga nemur 5.126.900 krónum. Til skýringar á 20% liðnum sé þess að geta, að Oddur hafi verið trésmiður og því sinnt viðhaldi og endurbótum á húsnæði fjölskyldunnar og einnig almennum heimilisstörfum. Oddur hafi verið góður veiðimaður, stundaði stangaveiði og skotveiði og aflaði þannig í töluverðum mæli til heimilis.

Gerð sé krafa um greiðslu útfararkostnaðar, 250.000 kr., og nemi krafa Ágústu því samtals 5.376.900 kr.

Dómkrafa Hildar Æsu sé samkvæmt 14. gr. skaðabótalaga 10.300 kr. $\times$ 101 = 1.040.300 kr. auk kröfu um 750.000 kr. með heimild í 12. gr. skaðabótalaga, því að ætla megir, að Hildur, sem sé nú 11 ára, myndi njóta fjárhagslegrar aðstoðar Odds heitins við nám, þegar 18 ára aldri væri náð. Einnig hafi hún mátt vænta annarrar fjárhagsaðstoðar í einhverri mynd síðar. Krafa Hildar nemi 1.790.300 krónum.

Edda Sigurrós gerir fjárkröfu, að fjárhæð 500.000 kr., og sé krafa hennar studd þeim rökum, að hún hefði mátt gera ráð fyrir fjárhagslegri aðstoð í einhverri mynd, hefði Oddur ekki fallið frá svo skyndilega. Edda hafi nýlega lokið líffræðinámi. Hún hafi mátt vænta fjárhagslegrar aðstoðar.

Málsástæður og lagarök stefnda Hags ehf.

Sýknukrafan er reist á því, að Hagur ehf. beri ekki að lögum neina bótaábyrgð á banaslysi Odds Eggertssonar. Í fyrsta lagi hafi stefndi ekki verið húsbóndi kranastjórans Andrésar Bergssonar í lagaskilningi. Meðstefndi, Steingrímur Bergsson, þ. e. kranaeigandinn, hafi lagt kranann til ásamt kranastjóranum, en hann hafi verið sjálfstæður verktaki við hífinguna. Kranastjórinn hafi ekki verið starfsmaður stefnda, heldur kranaeigandans, sem aftur skyldi fá greitt fyrir verkið með krananum samkvæmt reikningi fyrir útselda kranavinnu. Húsbóndaábyrgð á ætluðum mistökum kranastjórans hvíli því á meðstefnda, Steingrími Bergssyni, en ekki stefnda Hag ehf.

Ef hins vegar stefndi hefði borið húsbóndaábyrgð á Andréssi Bergssyni,

hefði Oddur Eggertsson sem eignaraðili, stjórnarmaður, verkstjóri og framkvæmdastjóri Hags ehf. sjálfur farið með húsbóndavald yfir honum. Sé samsömun (identifikation) milli æðstu stjórnenda og aðaleigenda í hlutafélagi og félagsins sjálfs. Skaðabótakrafa stefnanda á hendur Hag ehf. út af slysi Odds á grundvelli húsbóndaábyrgðar jafngildir því kröfu um bætur á grundvelli eigin bótaábyrgðar hans eða bótakröfu á hendur sjálfum sér.

Af framangreindum ástæðum verður skaðabótakrafa á hendur Hag ehf. ekki reist á grundvelli húsbóndaábyrgðar, og beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna þennan stefnda af öllum kröfum stefnanda, enda bótakröfur hennar á hendur Hag ehf. ekki reistar á öðrum grunni. Sé bótaréttur stefnanda leiddur af bótarétti Odds Eggertssonar og ekki víðtækari en bótaréttur Odds sjálfs.

Forsvarsmönnum Hags ehf. hafi ekki verið kunnugt um ástand kranans, burðargetu hans eða réttindaskort kranamannsins. Því sé ekkert við Hag ehf. að sakast.

Þá leiði það einnig til sýknu Hags ehf., að Oddur Eggertsson hafi sjálfur átt sök á slysinu og borið á því ábyrgð. Hann hafi stýrt verkframkvæmdum, er slysið varð, og notað hættulega vinnuaðferð við verkið að álit Vinnuettirlits ríkisins.

Um skaðabótaábyrgð meðstefnda þurfi ekki að efast, en gáleysi kranastjórans og bilun eða veiklun í kranabómunni sé ekki síðri orsök slyssins en óaðgæsla Odds sjálfs.

Verði ekki á aðalkröfu fallist, sé varakrafa reist á því, að Oddur hafi sjálfur átt meginsök á slysinu, og verði stefnandi að sæta skerðingu bótaréttar í samræmi við það, en jafnframt beri að lækka kröfufjárhæðir sem slíkar verulega.

Krafa Ágústu Sigurðardóttur sé röng, þar sem við kröfugerð sé beitt margföldunarstuðlinum 10 í stað stuðulsins 7,5, sem var í gildi, er slysið varð. Stuðullinn 10 hafi ekki tekið gildi fyrr en 1. júlí 1996, sbr. lög nr. 44/1996, um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, og gildi ekki aftur fyrir sig. Viðbótarkrafa um bætur vegna verðmætis launa Odds við heimilisstörf og aðdrætti til heimilis fái ekki heldur staðist, enda hafi Oddur ekki aflað launatekna með heimilisstörfum. Þá hafi fráfall hans ekki leitt til þess, að stefnandi þyrfti að kaupa vinnu við heimilisstörf og aðdrætti til heimilis síns. Því séu ekki rök til sérstakra viðaukabóta eins og hér standi á.

Krafa stefnanda, Ágústu, ætti því að nema 2.769.159 krónum (30% af $1.758.196 \times 7,5 \div 19\%$), en ekki 5.126.900 kr., svo sem krafist sé í stefnu. Þá sé eftir að draga frá bætur úr samningsbundinni atvinnuslysatryggingu. Kröfu um greiðslu útfararkostnaðar, 250.000 kr., sé ekki andmælt tölulega,

en kröfum Hildar Æsu og Eddu Sigurrósar vegna fjárhagsaðstoðar sé andmælt, þar sem alls sé óvíst um slíka aðstoð, þótt Oddur hefði ekki fallið frá. Þá hafi tekjur Odds ekki heldur verið svo háar né þær eignir tiltækar, að börnin uppkomin gætu vænst fjárhagsaðstoðar frá honum. Beri því að hafna með öllu fjárkröfu Eddu Sigurrósar og lækka kröfu Hildar Æsu í 1.040.300 kr.

Málsástæður og lagarök stefnda Steingríms Bergssonar.

Af hálfu stefnda er fullyrt, að hann beri ekki ábyrgð á heimildarlausri og rangri notkun lántaka á bómukrananum.

Við brúargerð geri Vegagerð ríkisins þá kröfu til verktaka, að tækjabúnaður sé tvöfaldur, þegar brúargólf sé steyppt. Hann þurfi því að hafa einn krana til að beina steypu í steypumót gólfplötu og annan til vara. Þetta sé gert vegna þess, að brúargólf verði að steypa í einu lagi, svo að það fái fullan styrk. Þegar Oddur Eggertsson hafi óskað eftir að fá krana stefnda Steingríms lánaðan, hafi Oddur tjáð honum, að kranann ætti að nota sem varaskeifu vegna kröfu Vegagerðar ríkisins. Enginn samningur hafi verið gerður um afnot né endurgjald fyrir kranann. Það að beina steypu í steypumót krefjist ekki mikilla átaka. Kraninn hefði því auðveldlega átt að þola slíkt hluss í því ástandi, sem hann hafði verið í undanfarin ár og lýst er í skýrslum, sem lagðar hafa verið fram í málinu.

Fyrir ósk framkvæmdastjórans Odds hafi stefndi lánað kranann Hag ehf. til að steypa brúargólf hinnar nýju brúar. Þegar brúargerðinni var lokið, hafi kraninn verið notaður til að fjarlægja steypumót af nýju brúnni og síðan til að lyfta stálbita, sem í kyrrstöðu sé 6.450 kg. Bóma kranans ný hafi hins vegar átt að þola 3.100 til 3.600 kg. Kraninn hafi því átt að lyfta hlassi, sem var langtum þyngra en hann var hannaður til að lyfta. Hann hafi hins vegar ekki kiknað undan álaginu, fyrr en slinkur kom á bómuna. Það sýni, að burðarþol hins gamla krana hafi verið mun meira en gera mátti ráð fyrir miðað við útlit og aldur. Samsvarandi misnotkun Odds á nýjum krana hefði allt eins valdið sömu afleiðingum. Oddur hafi átt að þekkja ástand kranans býsna vel, þar sem hann hafði sjálfur notað kranann, m. a. við uppsteypu hótels á Hvolsvelli. Því megi sjá, að Oddi mátti vera ljóst, að notkun hans á krananum, þegar slysið varð, var óverjandi og ekki þess eðlis, að Steingrímur hafi með sanngirni mátt gera ráð fyrir henni, þegar hann lánaði honum kranann.

Í greinargerð stefnda Hags ehf. sé látið að því liggja, að Andrés Bergsson kranamaður hafi verið starfsmaður stefnda Steingríms. Þessu hafnar stefndi algerlega. Óumdeilt sé, að Andrés Einarsson kranastjóri hafi verið starfs-

maður Hags ehf. Oddur hafi farið þess á leit við Andrés Bergsson, að hann hlypi í skarðið fyrir starfsmann Hags ehf. Stefndi Steingrímur hafi ekki farið að neinu leyti með húsbóndavald yfir Andrési Bergssyni né gert ráð fyrir að greiða honum laun. Því til marks megi nefna, að stefndi hafi ekki verið á vinnusvæðinu eða tengst á nokkurn hátt brúarsmíðinni að öðru leyti en því að lána kranann. Oddur hafi hins vegar haft verkstjórn fyrir Hag ehf., tekið ákvarðanir um stöðu kranans og það, hvernig verkið var unnið. Hagur ehf. hljóti því að teljast vinnuveitandi Andrésar Bergssonar eins og forvera hans, Andrésar Einarssonar. Samkvæmt þessu hafi verið sýnt fram á, að kraninn hafi ekki verið gallaður, því að slysið hafi ekki stafað af hættulegum eiginleikum hans, heldur rangri notkun, sem stefndi Steingrímur hafi ekki með neinni sanngirni mátt gera ráð fyrir. Þá telur stefndi Steingrímur, að Oddur og starfsmaður hans beri sjálfir ábyrgð á slysinu, enda þótt dómurinn telji, að kraninn hafi verið gallaður.

Sérstök tafla um burðargetu sé í öllum krönum. Gera verði ráð fyrir, að Oddur sem stjórnandi verksins hafi kynnt sér burðargetu kranans með tilliti til þyngdar burðarbitanna. Skráð burðargeta bómukranans sé 6.800 til 7.800 lbs. skv. burðargetutöflu, sem samsvari 3.100 til 3.600 kg, en burðarbitinn var mun þyngri, eins og áður hefur verið sagt.

Andrés Bergsson segir í lögregluskýrslu, að sér hafi verið sagt, að hver biti hafi verið um 5 tonn að þyngd, án þess að fram komi, hver hafi sagt honum það. Starfsmenn verktakans virðast því hafa vitað nokkurn veginn um þyngd burðarbitanna, og hefði því mátt ætla, að þeir vissu, að þeir væru að lyfta meiru en kraninn réð við. Þegar bóman lét undan, var ekki verið að hífa í bitann. Hinn aukni fallþungi bitans, sem olli kiknun bómunnar, hafi einkum stafað af högginu, sem hinir látnu ollu með því að spenna bitann frá vinkiljárninu.

Óumdeilt sé, að Oddur Eggertsson hafi verið verkstjóri við verkið. Mála-vaxtalýsingin gefi tilefni til að ætla, að Oddur hafi sýnt af sér verulegt gáleysi, sem leiddi til slyssins. Í fyrsta lagi hafi hann gefið fyrirmæli um að láta hrörlegan krana lyfta byrði, sem hafi verið helmingi þyngri en nam hámarksburðargetu nýs krana. Í öðru lagi hafi hann látið vinna á hættulegum stað undir kranabómunni, þegar ljóst var, að bitinn var fastur undir hlassi, sem var langtum þyngri en kraninn var gerður fyrir. Sjálfur fór hann undir burðarbitann og bómuna, þegar ljóst var, að bómukraninn náði ekki að slíta burðarbitann frá brúarstöplinum. Slíkt kunni að brjóta í bága við þá aðgæsluskyldu, sem hvíli á verkstjóra, sbr. 20. til 23. gr., sbr. 86. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá láti Vinnueftirlit ríkisins þess sérstaklega getið í umsögn sinni um vinnuslysið, að beitt

hafi verið vinnuaðferð, sem hafi verið óþarflega hættuleg. Oddur hafi skipulagt vinnu á staðnum, sett kranann á óhentugan stað og of fjarri bitanum. Vegna þess hafi reynt meira á burðargetu kranans vegna vogarafls-áhrifa en ef nær brúnni hefði verið unnið. Vinnuflokkurinn, sem tók við verkinu í kjölfar slyssins, hafi þurft að færa sig á annað athafnasvæði þrátt fyrir mun öflugri vinnutæki. Slysið hafi því stafað af mannlegum mistökum á vinnustað, sem stefndi Steingrímur beri ekki ábyrgð á.

Verði ekki á aðalkröfu fallist, er krafist til vara lækkunar vegna eigin sakar.

Af skýrslum megi ráða, að slysið hafi stafað af mistökum starfsmanna Hags ehf. Hljóti Oddur sem verkstjóri, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður að þurfa að þola, að bótaréttur hans takmarkist af þeim sökum. Þá verði að telja, að bótaréttur stefnanda takmarkist af þeim bótarétti, sem Oddur hefði hugsanlega notið.

Bótakröfu stefnanda, Ágústu Sigurðardóttur, er mótmælt, þar sem hún sé reiknuð með röngum margföldunarstuðli, svo sem grein sé gerð fyrir í greinargerð meðstefndu. Þá sé krafa Ágústu um bætur vegna verðmætis launa við heimilisstörf og aðdrætti til heimilisins mótmælt, þar sem raunverulegt fjártjón sé ekki gert líklegt í stefnu.

Bótakröfu dætra stefnanda, Hildar Æsu og Eddu Sigurrósar Oddsdætra, á grundvelli 12. gr. skaðabótalaga er mótmælt, þar sem ekki verði atlað með neinni vissu, að þær hafi beðið það tjón, sem þær krefjast bóta fyrir.

Fyrir dómi gaf aðilaskýrslu Steingrímur Bergsson. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Andrés Bergur Bergsson, Andrés Einarsson og Bjarni Matthíasson.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt gögnum málsins og því, sem upplýst hefur verið hér fyrir dómi, voru þau tildrög slyss þess, sem mál þetta er risið af, að unnið var við að fjarlægja burðarbita bráðabirgðabráur yfir ána Skálm á Mýrdalssandi. Smíði nýrrar brúar yfir ána var þá lokið.

Verkið í heild var í höndum Byggingarfélaganna Klakks hf. og Hags ehf. Verkstjórar fyrirtækjanna við brúargerðina voru þeir Sæmundur Björnsson og Oddur Eggertsson. Til að fjarlægja umrædda bita bráðabirgðabráurinnar var notaður krani, sem stefndi Hagur ehf. hafði á leigu af meðstefnda, Steingrími Bergssyni. Stjórnandi kranans umrætt sinn var Andrés Bergur Bergsson, en hann hafði Oddur Eggertsson fengið til verksins, þar sem fastur kranamaður, Andrés Einarsson, var fjarverandi.

Stefndi Steingrímur Bergsson skýrði svo frá fyrir dóminum, að Oddur

Eggertsson hefði fengið kranann til að hífa bita í nýju brúna og einnig til að vera á staðnum, á meðan verið væri að steypa gólf brúarinnar. Burðargeta kranans hafi verið 15 tonn og tafla á hurð kranans sýnt burðargetu við mismunandi stöðu bómunnar. Stefndi mundi ekki, hvort hann hefði skýrt Oddi Eggertssyni frá niðurstöðu Iðntæknistofnunar um ástand kranabómunnar, en hann hafði áður verið með kranann í verki og mátti vita um ástand hans. Stefndi kvaðst ekki hafa haft afskipti af verkinu og ekki útvegað kranamann.

Vitnið Andrés Einarsson skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið starfsmaður Hags ehf. við brúarsmíðina sem stjórnandi kranans. Hann hafi þá m. a. hift 8 tonna burðarbita í nýju brúna með krananum án vandkvæða. Við uppsetningu bráðabirgðabráruarinnar hafi bitarnir verið dregnir yfir ána með jarðýtu, og upplýsti vitnið, að Oddur Eggertsson hefði ætlað að fjarlægja þá á sama hátt.

Vitnið, Andrés Bergur Bergsson, sem stjórnaði krananum umrætt sinn, kvaðst hafa lokið bóklegu námskeiði til stjórnunar krana samkvæmt skírteini þess efnis, út gefnu 11. júlí 1990. Hann væri með nokkra reynslu á slíkt tæki, en hefði ekki lokið prófi. Hann kvað Odd Eggertsson hafa fengið sig til að koma til að vinna á krananum, en vitnið starfar sem bifreiðastjóri í Reykjavík. Vitnið kvaðst hafa talið sig starfsmann Hags ehf., en hann hafði áður unnið fyrir fyrirtækið. Vitnið kvað Odd Eggertsson hafa tekið ákvörðun um stöðu kranans og festingar á miðju bitans. Þegar kraninn hafi verið kominn á sinn stað, hafi verið mældur halli bómunnar út frá miðju bitans og hift í vírinn til að finna halla bómunnar. Vitnið kvaðst hafa kynnt sér ásamt Oddi leyfilegt álag á kranann samkvæmt töflu kranans miðað við halla bómunnar. Þeim hafi verið ljóst, að þyngdin var meiri en taflan gaf upp miðað við stöðu bómunnar. Oddur hafi sagt, að kraninn ætti að geta hift þetta. Bitinn hafi lyfst hinum megin árinna, en staðið á sér þeim megin, sem kraninn var. Hafi þá hemillinn verið settur á. Þegar bitinn losnaði við það, að Oddur Eggertsson og Sæmundur Björnsson losuðu hann með járnkarli, hefði komið mikið högg á bómuna og hún kiknað. Vitnið kvaðst ekki hafa verið að hífa, þegar bóman féll.

Biti sá, sem fyrirhugað var að hífa, þegar slysið varð, vó 6.450 kg og var yfir 20 metrar að lengd. Í málinu liggur fyrir, að kranabóman var mjög tærð, og rýrði það burðargetu allmikið frá lyftigetunýrrar bómu, eins og segir í skýrslu óháðs aðila, sem Vinnueftirlit ríkisins fékk til að skoða bómuna. Í niðurstöðu hans segir: „... að álag á bómuna hafi verið u. þ. b. tvöfalt meira en leyfilegt er fyrir nýja bómu, og síðan er veruleg málmtæring, sem rýrir burðargetuna allmikið frá lyftigetunýrrar bómu. Orsök kikkunar, brotsins, er ofálag á bómuna.“ Þessu álitu hefur ekki verið mótmælt.

Umræddur krani var ágerð 1959 eða tæplega fjörutíu ára gamall. Var Oddi Eggertssyni kunnugt um aldur hans og ástand, enda hafði hann notað kranann áður við verk á vegum stefnda Hags ehf.

Samkvæmt skýrslum lögreglu, Vinnueftirlits ríkisins og því, sem fram kom hjá vitninu Andrési Bergi Bergssyni, stjórnanda kranans, var bitinn kominn á loft öðrum megin, en fastur þeim megin, sem kraninn stóð. Virtist kraninn þola það álag.

Oddur Eggertsson fór undir kranabómuna til að spenna bitann lausan. Þegar bitinn losnaði úr festunni, kom mikið högg á bómuna, sem jók álagið þannig, að bóman kiknaði. Við þessar aðstæður verður ekki sagt, að orsök slyssins verði rakin til bilunar eða galla kranans, enda undir hælinn lagt, hvaða hluti hennar brysti fyrst við svo mikið álag. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda Steingrím Bergsson af kröfum stefnanda.

Oddur Eggertsson var framkvæmdastjóri og stjórnarmaður stefnda Hags ehf. auk þess að vera verkstjóri. Þá hefur komið fram, að hann stjórnaði verkinu á staðnum. Það hefði ekki átt að leynast Oddi, að kranabóman var undir hættulegu álagi, þegar hann ákvað að losa bitann með því að fara undir bómuna. Þetta verklag hans var með öllu ónauðsynlegt, enda mátti án tafa á verkinu beita öðrum hættuminni aðferðum.

Andrés Bergur Bergsson kranamaður telst hafa verið starfsmaður Hags ehf. við verkið, enda var hann sérstaklega fenginn til þess af Oddi Eggertssyni og laut stjórn hans við það að öllu leyti. Ekki verður ráðið af því, sem fyrir liggur í málinu, að slysið verði rakið til saknæms atferlis Andrésar Bergs. Bótaábyrgð á slysinu verður því ekki lögð á stefnda Hag ehf. á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar.

Það er álit dómsins, þegar til þeirra atriða er litið, sem hér hafa verið rakin, að slysið verði eindregið rakið til eigin sakar Odds Eggertssonar. Af því leiðir, að stefnandi á ekki rétt til bóta úr hendi stefnda Hags ehf., sem sýkna ber af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Mál þetta dæmir Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Eggerti Óskarssyni héraðsdómara og Jóni B. Hafsteinssyni verkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hagur ehf. og Steingrímur Bergsson, eru sýknir af kröfum stefnanda, Ágústu Sigurðardóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða dætra sinna, Hildar Æsu og Eddu Sigurrósar Oddsdætra.

Málskostnaður fellur niður.